

**Tillögur um hvernig bregðast skuli við 8% lækkun á ríkisframlagi til Háskólans á Akureyri 2011 til viðbótar 6,6% lækkun fyrir 2010.**

1. Fylgt verði nýmótaðri stefnu stjórnvalda um opinbera háskóla og unnið að myndun samstarfsnets háskólanna og þannig leitað leiða til að hagræða í rekstri og auka nýtingu þeirra fjármuna sem veitt er til skólanna.
2. Ekki verði teknir nýnemar í nám í orku- og umhverfisfræði haustið 2010. Unnið verði að lækkun rekstrarkostnaðar við námið og leitað eftir samstarfi við Háskóla Íslands með það í huga að námið flytjist þangað.
3. Myndað verði samstarf við Háskóla Íslands um nám í lögfræði, sem leiði til verulegrar lækkunar á rekstrarkostnaði við námið. Umsækjendur verði teknir inn í námið haustið 2010 en þeim tilkynnt strax að það sé gert með þeim fyrirvara að námsfyrirkomulag geti breyst marktækt frá núverandi skipulagi vegna samninga við HÍ.
4. Námskeið á fyrsta ári í heimskautarétti (meistaránám) verði ekki kennd veturinn 2010-2011.
5. Myndað verði samstarf við Háskóla Íslands um grunnnám í viðskiptafræði, sem leiði til verulegrar lækkunar á rekstrarkostnaði við námið.
6. Meistaránámi í viðskiptafræði verði einungis í boði sem rannsóknatengt meistaránám að jafnaði með 90 eininga rannsóknaverkefni og 30 einingar í námskeiðum. Engin sérkennd námskeið verði þó í boði fyrir þá nema. Þetta fyrirkomulag gildir einnig fyrir meistaránám í auðlindafræðum.
7. Nám í félagsvísindum verði endurskipulagt þannig að leiði til a.m.k. 10% fækkunar kennslueininga og lækkunar rekstrarkostnaðar veturinn 2010-11.
8. Unnið verði ákveðið að fækkun kennslueininga um a.m.k. 10% í auðlindafræði og það komi til framkvæmda veturinn 2010-11.
9. Unnið verði að fækkun kennslueininga í hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði, kennarafræði og kennsluréttindanámi.
10. Unnið verði áfram að því að mynda nýja sameiginlega námslínu í BS námi í auðlindafræðum í samstarfi við Háskólann á Hólum og að sú námslína komi í stað núverandi grunnnáms í sjávarútvegsfræði og líftækni. Umsækjendur verði teknir inn í námið haustið 2010 en þeim tilkynnt að námsfyrirkomulag geti breyst frá núverandi skipulagi. Sérhæfing í auðlindafræðunum myndi einkum eiga sér stað í meistaránáminu.
11. Hætt verði að greiða sérstaklega fyrir prófdæmingu í BS/BA/BEd verkefnum og dregið verði úr áherslu á að bakkalár námi ljúki með verkefni.

12. Ellefu námskeið í aðferðafræði/tölfræði verði sameinuð í tvö þverfagleg aðferðafræðinámskeið skv. tillögu viðkomandi nefndar.
13. Námskeið sem hafa færri en 10 nemendur verði ekki kennd nema í undantekningatilfellum og samið sérstaklega um greiðslur fyrir slík námskeið.
14. Gætt verði verulegs aðhalds í rekstri stjórnáslu og stoðþjónustu.
15. Lögð verði sérstök áhersla á að afla utanaðkomandi fjármagns til reksturs sjávarútvegsfræði og norðurslóðasamstarfs.